

Bæjarráð Blönduóssbæjar

FUNDUR – 22. maí 2003

43. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar haldinn 22. maí 2003 kl. 17,00 á bæjarskrifstofu.

Í fjarveru formanns setti varaformaður, Hjördís Blöndal fundinn og skrifaði jafnframt fundargerðina í fjarveru bæjarstjóra.

Dagskrá:

1. Vinabæjarsamskipti sumarið 2003.
2. Erindi frá Frumherja hf.
3. Bréf frá forstöðumanni Heimilisiðnaðarsafnsins vegna vígslu í safnhúsinu.
4. Boðun til aðalfundar í Norðurósi ehf.
5. Erindi frá Sjóvá-Almennum vegna váttrygginga Blönduóssbæjar.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Á fundi fræðslu-, íþrótt- og tómstundaneftndar frá 19. maí sl. voru umsóknir um vinabæjarsamskipti í sumar teknar fyrir. Fyrir liggja 2 umsóknir sem ekki uppfylla skilyrði sem lagðar eru til grundvallar fyrir þátttöku í ferðinni. Annar aðilinn orðinn of gamall og hefur farið áður en hinn hefur ekki lögheimili í sveitarfélaginu. Nefndin lýsir eftir stefnumótun í vinabæjarsamskiptum frá bæjarstjórninni. Bæjarráð samþykkir að vísa umræðum um vinabæjarsamskipti í framtíðinni til bæjarstjórnarfundar sem verður 3. júní 2003. Einnig óskar bæjarráð eftir að samningur sem undirritaður var sl. sumar um samskiptin næstu 6 árin verði sendur út með bæjarstjórnargögnum.
2. Erindi frá Frumherja hf. varðandi aðkomu að skoðunarstöð við Norðurlandsveg á Blönduósi. Bæjarráð samþykkir að beina erindinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir 2004.
3. Bréf frá forstöðumanni Heimilisiðnaðarsafnsins vegna vígslu á safnhúsinu lagt fram til kynningar. Nýja safnhúsið verður vígt fimmtudaginn 29. maí 2003.
4. Boðun á aðalfund Norðuróss ehf. sem haldinn verður þann 23. maí 2003. Fyrir fundinum liggur tillaga um að auka hlutfé um 15 milljónir að nafnvirði og verði selt á sexföldu nafnvirði. Eignarhlutur Skúlahorns ehf. í Norðurósi ehf. er nú að nafnvirði 6.416.667 og hlutfallslegt atkvæðamagn því um 29,5%. Bæjarráð samþykkir að Ásgeir Blöndal verði fulltrúi Skúlahorns ehf. í stjórn Norðuróss ehf. og sækir hann því aðalfundinn.
5. Erindi frá Sjóvá-Almennum þar sem þeir óska eftir að fá tækifæri til að gera tilboð í váttryggingar sveitarfélagsins. Bæjarráð tekur jákvætt í

erindið og felur bæjarstjóra að afla nánari upplýsinga og leggja fyrir bæjarráð.

6. Önnur mál.

- a) Fyrirspurn frá Auðunni Sigurðssyni. Samkvæmt samþykktum Blönduóssbæjar á ársreikningur að liggja fyrir eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar og hljóta samþykkt eftir tvær umræður í bæjarstjórn. Óskað er skriflegra skýringa á því hvers vegna ársreikningur hefur ekki enn verið lagður fram. Undir þetta ritar Auðunn Sigurðsson D-lista.
- b) Fyrirspurn frá Auðunni Sigurðssyni. Samkvæmt samþykktum Blönduóssbæjar ræður bæjarstjóri hver er staðgengill sinn og í ljósi þess að nú eru framundan sumarleyfi starfsmanna, óskar undirritaður eftir skriflegum svörum hver sé staðgengill bæjarstjóra í fjarveru hans. Undir þetta ritar Auðunn Sigurðsson D-lista.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 18,05.

Þórdís Hjálmarsdóttir
Hjördís Blöndal
Auðunn Sigurðsson